



# Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7  
370 Búðardal  
www.gladur.is

## Aðalfundur 11. apríl 2012

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn í Leifsbúð í Búðardal 11. apríl 2012.

Á fundinn mættu 20 félagar.

Eyþór Jón Gíslason, formaður, setti fund kl. 20:30.

Í upphafi fundar minntist formaður tveggja féлага sem látist hafa síðan á síðasta aðalfundi, þeirra Halldóru Guðmundsdóttur og Guðmundar Guðbrandssonar. Þau voru bæði heiðursfélagar í Glað. Fundarmenn risu úr sætum í minningu þeirra.

Þá var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Formaður lagði til að hann yrði sjálfur fundarstjóri og Þórður Ingólfsson fundarritari. Það var samþykkt.
2. Formaður flutti skýrslu um starfsemi félagsins á síðasta ári. Starfið var að mestu hefðbundið með opnu íþróttamóti og hestaþingi auk minni félagsmóta. Eyþór greindi frá samstarfi við önnur félög á Vesturlandi, m.a. varðandi Vesturlandssýningu og úrtökumót. Reiðnámskeið voru haldin. Hann greindi einnig frá gögnum sem félaginu bárust á árinu sem komin voru frá Jóni Sumarliðasyni, fyrsta formanni félagsins.  
Ritari greindi frá félagatalinu en 2 félagar höfðu látist, 9 hætt en engir nýjir komið inn. Félagar eru nú 141 talsins.
3. Gjaldkeri fékk orðið og lagði fram ársreikning félagsins fyrir árið 2011. Fram kom að aðeins annar tveggja skoðunarmanna hafa skoðað og áritað reikninginn. Á rekstrarreikningi eru gjöld samtals 2.550.797 kr. og tekjur samtals 2.708.686 kr. fyrir afskriftir sem eru 794.891 kr. Rektstarniðurstaða er því -637.002 kr. Á efnahagsreikningi 31.12.2011 eru eignir samtals 9.506.195 kr. og skuldir og eigið fé 9.506.195 kr.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Valberg Sigfússon spurði um funda- og skrifstofukostnað og Svala gerði grein fyrir honum. Rúnar Jónasson spurði út í forgangsröðun á staðsetningu reiðvega, hvernig henni væri háttað. Eyþór útskýrði þær ákvarðanir sem teknar voru og þær framkvæmdir sem ráðist var í. Of seint var ráðist í gerð reiðvegar hjá Saurum og sú framkvæmd tókst illa. Guðbjörn Guðmundsson, Viðar Þór Ólafsson o. fl. tóku til máls um málið. Harald Ó. Haraldsson spurði um reiðvegaáætlun og Eyþór svaraði að hún væri til. Harald spurði um hvað gert hefði verið fyrir reiðvöllinn og Svala skýrði það.
5. Ársreikningurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með einu mótatkvæði, reikningurinn er samþykktur með fyrirvara um undirritun þess skoðunarmanns sem ekki hefur enn áritað. - frh. eftir 6. dagskrárlið.

6. Kosningar skv. 6. grein.

- Formaður til 3 ára. Eyþór baðst undan endurkjöri. Fram fór skrifleg kosning. 18 kusu. Þórður Ingólfsson hlaut 11 atkvæði, Heiðrún Sandra Grettisdóttir 3 atkvæði og aðrir færri atkvæði. 2 seðlar voru auðir. Þórður er því réttkjörinn formaður Glaðs til 3 ára.
- Varaformaður til 3 ára. Fram fór skrifleg kosning. Heiðrún Sandra Grettisdóttir hlaut 9 atkvæði, Valberg Sigfússon 9 atkvæði og Halldór Gunnarsson 1 atkvæði. Þar sem 2 voru jafnir var kosið aftur og hlaut þá Heiðrún Sandra 13 atkvæði og Valberg 6 atkvæði. Heiðrún Sandra er því varaformaður til 3 ára.
- Skoðunarmaður reikninga til tveggja ára. Sigurður Hrafn Jökulsson var endurkjörinn til 2 ára. Rúnar Jónasson tók fram að hann vilji ekki starfa áfram sem skoðunarmaður og því þurfi að kjósa annan í hans stað til 1 árs. Valberg Sigfússon var kosinn til 1 árs.
- Fulltrúi á Landsþing LH kjörinn Eyþór Jón Gíslason.
- Ritari til eins árs í stað Þórðar Ingólfssonar kjörin Gyða Lúðvíksdóttir.
- Vararitari til eins árs í stað Rúnars Jónassonar kjörinn Harald Ó. Haraldsson.
- Varamedstjórnandi í stað Heiðrúnar: Ármann Rúnar Sigurðsson
- Kosningu fulltrúa á sambandsþing UDN var vísað til stjórnar.

5. frh. Formaður fór fram á að fá að bera aftur upp ársreikninginn til samþykktar og nú án fyrirvara. Fundurinn samþykkti þetta og var ársreikningur Glaðs fyrir árið 2011 borinn undir atkvæði, hann var samþykktur með 1 mótatkvæði.

7. Kosning nefnda. Eftirfarandi nefndir voru kjörnar:

Fræðslunefnd

Heiðrún Sandra Grettisdóttir, formaður  
Svanborg Einarsdóttir  
Ragnheiður Pálsdóttir

Reiðveganefnd

Guðbjörn Guðmundsson, formaður  
Kári Lárusson  
Ólafur Guðjónsson

Fulltrúi Glaðs í reiðveganefnd Vesturlands  
Eyþór Jón Gíslason

Mótanefnd

Einar Jón Geirsson, formaður  
Styrmir Sæmundsson  
Ingibjörg Eyþórsdóttir  
Skjöldur Orri Skjaldarson  
Svanhvít Gísladóttir

Skemmtinefnd

Skjöldur Orri Skjaldarson, formaður  
Gunnar Örn Svavarsson  
Margrét Guðbjartsdóttir  
Unnsteinn Kristinn Hermannsson

Tölvu- og tækninefnd

Þórður Ingólfsson, formaður  
Ásgeir Salberg Jónsson  
Herdís Erna Gunnarsdóttir  
Svala Svavarsdóttir

Fulltrúi Glaðs til að fara með atkvæði félagsins á aðalfundi Nesodda ehf. Samþykkt að Þórður Ingólfsson fari með atkvæði Glaðs.

Fráfarandi formaður fræðslunefndar, Gyða Lúðvíksdóttir bað um orðið og gerði grein fyrir starfi fræðslunefndar. Þátttaka hefur verið fremur dræm á námskeiðum undanfarið og er það miður. Hún þakkaði nefndarmönnum samstarfið og óskaði nýrri nefnd góðs.

8. Ákvörðun árgjalds. Samþykkt að árgjald verði óbreytt.

9. Önnur mál.

- a) Eyþór leggur fram þá tillögu að Glaður óski eftir því að gerast aðili að Hrossaræktarsambandi Vesturlands, HrossVest. Sigurður Jökulsson tók til máls og lýsti stuðningi við tillöguna. Hann útskýrði að munurinn á Hrossaræktarsambandi Dalamanna og HrossVest væri sá að HrossVest væri ekki aðili að Félagi hrossabænda. Tillagan samþykkt mótatkvæðalaust.
- b) Heidiún Sandra sagði frá því að mörg félög styddu við yngri félagsmenn sína í tengslum við þátttöku á Landsmóti. Umræða varð um málið og voru fundarmenn sammála því að Glaður myndi styðja við sín börn, unglunga og ungmenni, gjarna í samvinnu með öðrum félögum.
- c) Sigurður Jökulsson tók til máls og ræddi um lög félagsins og lagði til að þau yrðu endurskoðuð, m.a. hvað varðar kosningu til stjórnar.
- d) Sigurður ræddi líka um úrtöku fyrir Landsmót og hafði hugmyndir um breytt fyrirkomulag. Umræður urðu og fram komu efasemdir um að tillögur Sigurðar standist reglur LH. Samþykkt að stjórn skoði málið.
- e) Unnsteinn Kristinn Hermannsson spurði um reiðvegaframkvæmdir og Eyþór skýrði þær. Unnsteinn minntist einnig á áningahólf. Hann stakk einnig upp á að reynt væri að beina þessum verkefnum til félagsmanna Glaðs og Eyþór svaraði því að það hefði yfirleitt verið gert.
- f) Þórður Ingólfsson þakkaði Eyþóri fyrir gott samstarf og fyrir hans góðu störf í formannstíð hans. Eyþór tók til máls og þakkaði stjórn fyrir gott samstarf.

Eyþór sleit fundi kl. 22:45.

*Þórður Ingólfsson, fundarritari (sign)*